

DRÖG AÐ FUNDARGERÐ

6. FUNDUR RÁÐGJAFARNEFNDAFAGSTOFNANA OG EFTIRLITSADILA

Dags. fundar 4. september 2014	Tími 13:00 – 16:00	Staður Umhverfisstofnun	Nr. fundar 6
Fundarboðandi: Tryggvi Þórðarson		Fundarritari: Tryggvi Þórðarson	
<p>Fundarmenn: Guðni Magnús Eiríksson, Árný Sigurðardóttir, Jórunn Harðardóttir, Kristinn Einarsson, Magnús Jóhannsson, Marianne Jensdóttir, Elísabet Pálmadóttir, Ingunn E. Jónsdóttir, Sólveig R. Ólafsdóttir, Daði Þorbjörnsson, Þóroddur F. Þóroddsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Tryggvi Þórðarson</p> <p>Forföll boðuðu: Árni Einarsson, Edda Sigurdís Oddsdóttir, Eydís Líndal Finnbogadóttir, Guðmundur Stefánsson, Guðrún Þóra Garðarsdóttir og Ingunn E. Jónsdóttir.</p> <p>Einnig mættu á fundinn: Helgi Jensson og Svanfríður Dóra Karlsdóttir frá Umhverfisstofnun.</p>			
Afrit sent til: Fundarmanna og annarra fulltrúa.			
Dagskrá fundar:			
<ol style="list-style-type: none"> 1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram. 2. Vöktunaráætlunin—staða mála, hlutverk og aðkoma nefndarinnar (SDK). 3. Meginatriði í vöktunaráætluninni sem óskað er eftir að ráðgjafarnefndin taki til skoðunar og komi með viðbætur/leiðréttingar/álit eftir því sem við á (TP). 4. Myndun vinnuhóps til að vinna með Umhverfisstofnun – Útfærsla og skipulag vinnunnar. 5. Önnur mál. 			
Þetta gerðist:			
<ol style="list-style-type: none"> 1. Samþykkt fundargerðar Fundargerð 5. fundar var lögð fram ásamt framkomnum athugasemdum og breytingartillögum SRÓ. Farið var yfir athugasemdirnar og tillögurnar og samþykkt að gera nokkrar breytingar á fundargerðinni til samræmis við þær. Var fundargerðin samþykkt með þeim breytingum. Jafnframt var samþykkt að fundargerðir skyldu í auknu mæli lýsa skoðunum einstakra fundarmanna. 2. Vöktunaráætlunin—staða mála, hlutverk og aðkoma nefndarinnar. SDK gerði grein fyrir vinnu við gerð vöktunaráætlunar og útskýrði það vinnufyrirkomulag sem Umhverfisstofnun legði til vegna þeirrar ráðgjafar sem stofnunin óskaði eftir frá nefndinni. Umræða varð um eina glæru SDK sem sýndi áherslubreytingar við vöktun frá efnafræðilegri að líffræðilegri vöktun. KE vakti athygli á að ekki væri hægt að færa fjármuni frá efnafræðilegum þáttum yfir í líffræðilega þar sem stór hluti af efnafræðilegri vöktun færi fram af öðrum aðilum en þeim sem koma að vöktun skv. löggjöf um stjórn vatnamála. Lagði SRÓ áherslu á að efnafræðileg vöktun væri fullt eins mikilvæg og sú líffræðilega. Ennfremur lagði hún áherslu á að vöktunaráætlun yrði ekki of rýr. HJ lýsti þeirri skoðun að óþarfi væri að vakta vöktunarþætti sem óvíst væri hvort kæmu að gagni, t.d. þegar ekki lægi fyrir hvort viðkomandi gæðapáttur hentaði héraendis eða þegar ekki lægi fyrir matskerfi byggt á viðkomandi gæðapátti. SRÓ taldi framsetningu HJ villandi því fagstofnanir byggju ekki til gæðapátti heldur væru þeir skilgreindir í reglugerðinni. Tiltók hún að ekki væri flókið að vakta alla þrjá gæðapátti í sjó. SRÓ mótmælti því að verið væri að biðja nefndina um það sem gera ætti samning við fagstofnanirnar um að gera. MJ tiltók að það væri hans skilningur að þegar ekki er sérstaklega tekið fram í skýrslum fagstofnananna að ekki ætti að vakta tiltekinn gæðapátt þýddi það að það skuli vakta hann, ekki öfugt. HJ túlkaði afstöðu Umhverfisstofnunar um að gæðapáttir sem komnar eru fram tillögur um að nota verði teknar inn í vöktunaráætlunina, annars ekki. SRÓ lagði áherslu á að afla yrði upplýsinga til að þróa matskerfi fyrir ástand 			

vatnshlota og nota áfram. ÁS tók undir það. SDK taldi nauðsynlegt að bæta vöktunaráætlunina smátt og smátt. Ekki væri möguleiki til að stoppa í götin nú vegna fjárskorts. Um væri að ræða nýjar reglur og evrópskar skyldur. Ekki væri hægt að hugsa stíft út frá löggjöfinni á þessu stigi heldur þyrfti að gera ráð fyrir að vinna í áföngum sem eru framkvæmanlegir. ÁS taldi nauðsynlegt að skýra hlutverk heilbrigðisnefnda og þau verkefni sem þær myndu hafa með höndum. Niðurstaða fundarmanna var að vöktunin ætti ekki að verða of rýr. JH viðraði aftur skoðun MJ um að vakta ætti alla gæðþætti sem ekki væri sérstaklega tiltekið að ekki ætti að vakta. Svana talaði fyrir því að skynsamlegri væri að takmarka sig við þá þætti sem líklegir væru til að skila árangri, hinir kæmu væntanlega smátt og smátt inn eftir því sem undirbúningnum vindur fram. JH lagði þá til að þeir þættir sem ekki eru vaktaðir að sinni komi þó fram í umfjöllun þótt þeir verði síðar útfærðir. SRÓ taldi að Umhverfisstofnun ætti að gera minnisblað um lágmarkskröfur til vöktunar forgangsefna. SDK sagði sjálfsgætt að útbúa slíkt minnisblað hjá Umhverfisstofnun.

3. Meginatriði í vöktunaráætluninni sem óskað er eftir að ráðgjafarnefndin taki til skoðunar og komi með viðbætur/leiðréttingar/álit eftir því sem við á

TÞ fór yfir þau 11 atriði sem Umhverfisstofnun lagði mesta áherslu á að fá ráðgjöf og/eða tillögur um. Tiltók hann m.a. að þetta væru óskir og nefndinni væri í sjálfsvald sett hvort og hvernig orðið yrði við einstökum óskum. DP taldi að frekar hæpið myndi vera að nota einungis eitt grunnvatnshlot til að vakta magnstöðu grunnvatns. Benti hann einnig á að Bláa Lónið væri yfirborðsvatnshlot sem fengi vatn sitt frá grunnvatni Reykjanesgrunnvatnshlotsins. Tiltók hann einnig vatnstökusvæði höfuðborgarsvæðisins sem dæmi um grunnvatn sem væri undir álagi vegna vatnstöku. KE bætti við að Straumsvíkurgrunnvatnshlotið væri annað dæmi vegna ásóknar í vatnstöku úr því. ÞFP benti enn fremur á að Elliðavatnsgrunnvatnshlotið væri einnig undir álagi vegna vatnstöku og til umfjöllunar væri að færa vatnstöku þar ofar í landið til þess að tryggja að hún væri ekki undir beinum áhrifum yfirborðsvatnshlots Elliðavatns/Elliðaár. Umræða varð um gerðir og hugsanlega sameiningu þeirra. JH taldi það ekki einfalt mál að breyta flokkum gerða og myndi það t.d. leiða til umfangsmikilla breytinga á upplýsingakerfinu. SRÓ spurði hvort ekki hafi verið búið að samþykka gerðarflokkana, m.a. hefðu þeir verið notaðir við gerð stöðuskýrslu. SDK svaraði því að ekki lægju fyrir endanlegar gerðir og að slíkt gæti komið til skoðunar að breyta þótt það lægi ekki ljóst fyrir að svo stöddu. Rök þurfi að liggja fyrir skiptingunni en SDK telur þau óljós að einhverju leyti. SRÓ spurði einnig hvernig fulltrúar Umhverfisstofnunar héldu að atvinnulífið taki því ef þeir ættu að kosta hluta af vöktuninni með sínum niðurstöðum. TÞ benti á að um væri að ræða niðurstöður sem væru opinberar og að þetta yrði borið undir ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila í næstu viku. Vöktun væri að hluta til á herðum atvinnulífsins og ekki væri ætlunin að vera með tvöfalda vöktun svo skoða þarf hvernig sú vöktun geti nýst inn í vöktunaráætlun samkvæmt vatnastjórnunarlögum.

4. Myndun vinnuhóps til að vinna með Umhverfisstofnun – Útfærsla og skipulag vinnunnar.

SDK skýrði tillögu Umhverfisstofnunar um að nefndin setti á fót vinnuhóp og jafnvel stýrihóp í samræmi við heimild um slíkt í lögum um stjórn vatnamála. JH viðraði einnig þá hugmynd að setja á fót fleiri en einn vinnuhóp sem tæki fyrir mismunandi málefni. SÓR útskýrði að ráðgjöf hennar hafi þegar farið fram á fundi sem hún og starfsmenn Hafrannsóknastofnunar áttu nýverið með fulltrúum Umhverfisstofnunar og taldi jafnframt að hún væri ekki best til þess fallin að veita ráðgjöf um atriði er varða strandsjóinn heldur aðrir frá Hafró. Samþykkt var að stofna tvo vinnuhópa, annan um ár og stöðuvötn en hinn um grunnvatn. Gerði formaður óformlega könnun á meðal fundarmanna um hverjir vildu ekki taka þátt í vinnuhópi eða teldu sig ekki hafa upplýsingar fram að færa. Var það um helmingur fundmanna (ÞFP, GME, EP, ÁS, SBR, MJ OG SRÓ). Af þeim var GME tilbúinn til að taka þátt ef sérstaklega væri óskað eftir því og ÁS var tilbúin til að leggja til fólk ef sérstaklega væri talin þörf á ráðgjöf frá hennar geira. MJ taldi að verið væri að fara fram á meiri vinnu við ráðgjöf en hann eða aðrir á hans stofnun gætu innt af hendi enda farið út fyrir hlutverk ráðgjafarnefndar. Aðrir þeir sem ekki gerðu ráð fyrir að taka þátt nefndu að litlar upplýsingar og þekkingu á þessu sviði væri að finna hjá þeim og á þeirra stofnunum. Einhverjir þessara fulltrúa í nefndinni voru þó til í að íhuga þátttöku.

Ákveðið var að starfsmaður nefndarinnar sendi út póst um fyrirkomulag vinnuhópa ásamt tímasetningu funda til formanns sem myndi þá óska eftir þátttöku fulltrúa í vinnuhópum sem telja sig hafa upplýsingar

og/eða þekkingu á viðkomandi sviði eða tilnefna aðra fulltrúa frá sínum stofnunum.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

